

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Suður-Mjódd, Reykjavík.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 2008 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin er tvíþætt:

1. Byggingarmagn atvinnuhúsnaðis fyrir verslun, þjónustu og skrifstofur á byggðasvæði 11 (Breiðholt) eykst úr 149.000 m² í 179.000 m², sbr. töflu 3.2.
2. Gert ráð fyrir tveimur nýjum byggðareitum á svæði 11, samtals um 5,5 ha að stærð. Atvinnulóðir verða vestur með Álfabakka auk þess sem núverandi íbúðarsvæði stækkar til vesturs með möguleika á byggingu um 100 íbúða fyrir aldraða.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar. Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. ágúst 2008.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 3. september 2008